

**61. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn í Svörtuloftum, fundarsal í ráðhúsi Vesturbyggðar miðvikudaginn 13.  
október 2021 og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn María Ósk Óskarsdóttir (MÓÓ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Lilja Magnúsdóttir (LM), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Rebekka Hilmarsdóttir (RH), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS).

**Fundargerð ritaði:** Gerður Björk Sveinsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnslusviðs

**Dagskrá:**

**1. Breytingar á lagaumhverfi í þjónustu við börn - 2110029**

*Arnheiður Jónsdóttir, félagsmálastjóri og sviðsstjóri fjölskyldusviðs Vesturbyggðar mætti inn á fundinn og fór yfir þær breytingar sem verða á lagaumhverfi í þjónustu við börn í samræmi við breytingar á barnaverndarlögum og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.*

**2. Starfsemi Minjasafns Egils Ólafssonar - 2101016**

*Óskar Leifur Arnarsson, starfandi forstöðumaður Minjasafnsins kom inn á fundinn og kynnti ársreikning Minjasafns Egils Ólafssonar fyrir árið 2020 ásamt drögum að fjárhagsáætlun ársins 2022.*

*Samráðsnefnd frestar afgreiðslu til næsta fundar.*

**3. Brunavarnir í Vesturbyggð og á Tálknafirði - 2110028**

*Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna fóru yfir stöðu mála vegna brunavarna og ræddar mögulegar breytingar í samstarfi sveitarfélaganna í málaflökknum.*

*Samráðsnefnd felur sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjóra Vesturbyggðar að vinna áfram að málinu.*

**4. Almenningsgangur á sunnanverðum Vestfjörðum - 2101015**

*Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna fóru yfir stöðu almenningsgangna á sunnanverðum Vestfjörðum.*

**5. Framtíð ferjusiglinga á Breiðafirði - 2110027**

*Lagður fram tölvupóstur frá Vegagerðinni dags. 7. október 2021, um framtíð ferjusiglinga á Breiðafirði. Í tölvupóstinum kemur fram að ekki standi til að skipta Breiðafjarðarferjunni Baldri út fyrir ferju sem uppfyllir nútíma kröfur um öryggi og*

*aðbúnað á meðan að núverandi samningur við rekstraraðila er í gildi.*

*Samráðsnefnd telur ákvörðunina algjörlega óásættanlega og kallar eftir skýrum svörum frá Vegagerðinni um hvernig öryggi farþega Baldurs sé tryggt og hvert viðbragðið sé verði samskonar óhöpp og urðu í júlí 2020 og mars 2021 þar sem Baldur varð vélavana á leið sinni um Breiðafjörð.*

*Bæjarsjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps falið að kalla eftir svörum frá Vegagerðinni og leggja fyrir á næsta fundi samráðsnefndar.*

**6. Innviðaaætlun Vestfjarða - 2110026**

*Rætt um Innviðaaætlun Vestfjarða sem er til vinnslu hjá Vestfjarðastofu.*

**7. Samfélagssáttmáli um fiskeldi - 2103037**

*Lagður fram samfélagssáttmáli um fiskeldi á Vestfjörðum frá 15. júlí 2021.*

**8. Boð á aðalfund Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) - 2110024**

*Lagt fram til kynningar boð á aðalfund Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem fram fer 22. október 2021 á Ísafirði.*

**9. Boðun á 66. Fjórðungsþings Vestfirðinga 22. - 23. október 2021 - 2108020**

*Lagt fram til kynningar boðun á 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga, 22. - 23. október 2021 sem fram fer á Ísafirði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.20:53.**

---

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

---

María Ósk Óskarsdóttir (MÓÓ)

---

Ásgeir Sveinsson (ÁS)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

---

Rebekka Hilmarsdóttir (RH)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS)